



SAMBAND ALMENNRA LÍFEYRISSJÓÐA

Alþingi

Erindi nr. B

120/1917

komudagur

8/5

1996

Efnahags- og viðskiptanefnd  
Alþingis  
150 Reykjavík

Reykjavík, 7.maí 1996

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Sambands almennra lífeyrissjóða varðandi eftirtalin frumvörp:

- Frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt, 421.mál fjármagnstekjur.
- Frumvarp til laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, 422.mál.
- Frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt, 428.mál, vaxtatekjur.
- Frumvarp til laga um staðgreiðslu skatts af vaxtatekjum, 429.mál.

Samband almennra lífeyrissjóða vekur athygli á því að Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands áttu aðild að því starfi, hvernig heppilegast væri að standa að skattlagningu fjármagnstekna. Varðandi einstaka efnisþætti ofangreindra frumvarpa vísar því SAL til umsagna ASÍ og VSÍ.

Að öðru leyti er Samband almennra lífeyrissjóða sammála því mati, sem kemur fram hjá starfsnefndinni um fjármagnstekjuskatt, að fráleitt sé að skattleggja fjármagnstekjur lífeyrissjóðanna, þar sem slík aðgerð hefði í för með sér tvísköttun, þar sem útborgaður lífeyrir frá sjóðunum er skattlagður.

Auk þess er ljóst að ef fjármagnstekjuskattur yrði lagður á lífeyrissjóðina, þyrfti að skerða lífeyrir almennu lífeyrissjóðanna verulega. Lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna þyrftu hins vegar ekki að sæta slíkri skerðingu, þar sem ríkissjóður ber fulla og ótakmarkaða ábyrgð á því að lífeyrisrétturinn sé óskertur. Það misræmi, sem landsmenn búa nú þegar við varðandi lífeyrisréttindi úr lífeyrissjóðum, myndi því aukast enn frekar en verið hefur. Á þessi sjónarmið hefur verið fallist í ofangreindum frumvörpum.

Með bestu kveðjum  
SAMBAND ALMENNRA LÍFEYRISSJÓÐA

  
Hrafn Magnússon